

Bæjarlistamaður Hafnarfjarðar

Hafnarfjarðarbær mun þann 23. apríl, á síðasta vetrardag, útnefna bæjarlistamann og veita tvo hvatningarstyrki til listamanna. Einungis listamenn með fasta búsetu í Hafnarfirði koma til greina við úthlutun og er miðað við lögheimili síðustu 12 mánuði.

Óskað er eftir umsóknum eða rökstuddum ábendingum sem menningar- og ferðamálanefnd ásamt stjórn Hafnarborgar munu hafa til hliðsjónar við val á bæjarlistamanni og úthlutun hvatningarstyrkja.

Skilafrestur er til 17. mars.

Umsóknir skal merkja:

Bæjarlistamaður - hvatningarstyrkir

Þjónustuver Hafnarfjarðar, Strandgötu 6

220 Hafnarfirði